

## AUGLÝSING

### um umferð í Vogakauptúni í Vatnsleysustrandarhreppi.

Eftir tillögum hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps í Gullbringusýslu hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958:

1. Hafnargata hafi forgangsrétt um alla umferð aðliggjandi gatna (þar með talinn gamli þjóðvegurinn).
2. Gamli þjóðvegurinn hafi forgangsrétt fyrir allri umferð frá Tjarnargötu, Ægisgötu og Suðurgötu.
3. Vogagerði hafi forgangsrétt fyrir umferð frá Tjarnargötu og Ægisgötu.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 23. marz 1966.*

**Einar Ingimundarson.**

31. marz 1966.

Nr. 84.

## GJALDSKRÁ

### um greiðslur fyrir aukaverk presta.

#### 1. gr.

Aukaverk sóknarpresta eru hin sömu, er tíðkamt hafa samkvæmt fyrirmælum laga og venjum þjóðkirkjunnar.

#### 2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum greiðsla eins og hér segir:

1. Fyrir skráningu á nafni barns í ministerialbók ..	kr. 90.00
2. Fyrir fermingu ásamt undirbúningi .....	— 330.00
3. Fyrir hjónavígslu .....	— 240.00
4. Fyrir greftrun .....	— 150.00
5. Fyrir endurskoðun kirkjureiknings .....	— 35.00
6. Fyrir vottorð, er prestur gefur út í embættisnafni	— 20.00

Við ofanskráð gjöld bætist visitöluuppbót, hin sama og greidd er á laun starfsmanna ríkisins á hverjum tíma.

Prestur lætur ókeypis í té vottorð vegna meðlagsgreiðslu barna, vottorð um fjárhag fátækra manna og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda. Enn fremur er presti skylt að gefa ókeypis vottorð hlutaðeigendum um skírnir og hjónavígslur, er hann framkvæmir, enda sé þeirra vitjað til hans eigi síðar en viku eftir að athöfnin fór fram.

#### 3. gr.

Nú flytur prestur, samkvæmt beiðni, ræðu við hjónavígslu eða útför, og ber honum þá sérstök greiðsla fyrir það eftir ástæðum hlutaðeiganda, eins og tíðkamt hefur.

#### 4. gr.

Sá skal greiða, er verk er unnið fyrir. Sveitarstjórn greiðir fyrir styrkþega.

## 5. gr.

Skylt er að veita presti fylgd honum að kostnaðarlausu, þegar hans er vitjað til aukaverka, svo og að greiða fararkostnað hans, ef nota þarf bát eða bifreið.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 1931, og gildir frá 31. marz 1966 til 31. marz 1976, birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Með gjaldskrá þessari er úr gildi fallin gjaldskrá nr. 202 24. marz 1964, um greiðslur fyrir aukaverk presta.

Verði breyting gerð á þessu tímabili á launum presta, skal gjaldskráin endurskoðuð.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. marz 1966.*

Jóhann Hafstein.

*Baldur Möller.*

## REGLUGERÐ

## um byggingasjóð rannsóknastarfseminnar.

## 1. gr.

Sjóðurinn nefnist byggingasjóður rannsóknastarfseminnar.

## 2. gr.

Byggingasjóður rannsóknastarfseminnar er í vörzlu Rannsóknaráðs ríkisins, og skal ársreikningur sjóðsins fylgja ársreikningi Rannsóknaráðs og endurskoðast á sama hátt.

## 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru fé það, sem Háskóla Íslands ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald fyrir happdrætti Háskóla Íslands, svo og önnur framlög, sem sjóðnum kunna að berast.

## 4. gr.

Tekjum sjóðsins skal varið til þess að standa straum af stofnkostnaði við rannsóknastarfsemina í landinu, einkum til byggingaframkvæmda og meiri háttar tækja-kaupa.

## 5. gr.

Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðstöfun á tekjum sjóðsins, og er úthlutun úr sjóðnum háð samþykki þess.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af 60. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 29. marz 1966.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Birgir Thorlacius.*